

# Skýrsla stjórnar LÍV

maí 2011 – nóvember 2013



## **Síðasta kjörtímabil hefur stjórn LÍV verið skipuð sem hér segir**

**Formenn** Stefán Einar Stefánsson, VR frá 14. maí 2011 til 29. maí 2013  
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA frá 29. maí 2013

### **Aðalmenn í stjórn**

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA. varaform. til maí 2013  
Stefanía Magnúsdóttir, VR  
Guðbrandur Einarsson, VS. varaform. frá maí 2013  
Margrét Ingbórsdóttir, VMS. til okt. 2012  
Páll Örn Líndal, VR  
Snæbjörn Sigurðarson, Framsýn. til feb. 2012  
Ásta Rut Jónasdóttir, VR, aðalm. frá feb. 2012  
Einar Hjartarson, FVSA, aðalm. frá okt. 2012  
Guðrún Erlingsdóttir, VR aðalm. frá maí 2013

### **Varamenn í stjórn**

Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar  
Júnía Þorkeldsdóttir, VR  
Valur M. Valtýsson, VR  
Kristín M. Björnsdóttir, VR

## Fjöldi kvenna og karla í aðildarfélögum LÍV 1. janúar 2012 skv. skýrslum

|                          | <u>Skattskyldir</u> |        |         | <u>Gjaldfrjálsir</u> |       |         | <u>Samtals</u> |
|--------------------------|---------------------|--------|---------|----------------------|-------|---------|----------------|
|                          | Karlar              | Konur  | Samtals | Karlar               | Konur | Samtals |                |
| VR                       | 12.771              | 17.399 | 30.170  | 723                  | 1.280 | 2.003   | 32.173         |
| Stéttarfélag Vesturlands | 37                  | 104    | 141     | 12                   | 13    | 25      | 166            |
| Vlf. Snæfellinga         | 19                  | 42     | 61      |                      |       |         | 61             |
| Vlf. Vestfirðinga        | 28                  | 101    | 129     | 7                    | 21    | 28      | 157            |
| Stéttarfélag Samstaða    | 11                  | 32     | 43      | 1                    | 6     | 7       | 50             |
| Vmf. Skagafjarðar        | 51                  | 137    | 188     | 13                   | 27    | 40      | 228            |
| FVSA                     | 735                 | 1.219  | 1.954   | 112                  | 227   | 339     | 2.293          |
| Framsýn Stéttarfélag     | 38                  | 121    | 159     | 0                    | 0     | 0       | 159            |
| Vlf. Þórshafnar          | 1                   | 18     | 19      |                      |       |         | 19             |
| AFL- Starfsgreinafélag   | 65                  | 142    | 207     | 5                    | 23    | 28      | 235            |
| Vmf. Suðurlands          | 219                 | 511    | 730     | 0                    | 0     | 0       | 730            |
| Vmf. Suðurnesja          | 332                 | 746    | 1.078   | 31                   | 78    | 109     | 1.187          |
| Samtals                  | 14.307              | 20.572 | 34.879  | 904                  | 1.675 | 2.579   | 37.458         |

## Meðal ársverk skv. reiknireglum ASÍ

|                          | Samtals fullvinnandi |
|--------------------------|----------------------|
| VR                       | 20.903               |
| Stéttarfélag Vesturlands | 88                   |
| Vlf. Snæfellinga         | 47                   |
| Vlf. Vestfirðinga        | 138                  |
| Stéttarfélagið Samstaða  | 72                   |
| Vmf. Skagafjarðar        | 100                  |
| FVSA                     | 1.075                |
| Framsýn stéttarfélag     | 119                  |
| Vlf. Þórshafnar          | 17                   |
| AFL starfsgreinafélag    | 111                  |
| Vmf. Suðurlands          | 357                  |
| Vmf. Suðurnesja          | 718                  |
| Samtals                  | 23.745               |

## **VERKASKIPTING STJÓRNAR**

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir var varaformaður sambandsins síðasta kjörtímabil fram til 29. maí 2013 er hún tók við formennsku af Stefáni Einari Stefánssyni og Guðbrandur Einarsson ritari til 29. maí 2013 er hann tók við varaformennsku. Páll Líndal tók við sem ritari af Guðbrandi Einarssyni.

## **SKRIFSTOFAN**

Skrifstofa LÍV er í Kringlunni 7, Reykjavík og sér VR um reksturinn samkvæmt samningi, sem gerður var við félagið. Starfsmaður sambandsins í 50% starfi var Ástríður S. Valbjörnsdóttir fram til til október 2012 en var ráðin aftur í október 2013. Stefanía Magnúsdóttir var ráðin í 25% starf frá júní 2011 til maí 2012. Kári Friðriksson, hagfræðingur var ráðinn í 50% starf frá október 2012 en hann lét af störfum í mars 2013. Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir var ráðinn í starf sérfræðings í starfsmenntamálum í desember 2012.

### **Ný heimasíða tekin í gagnid**

Ný heimasíða LÍV var tekin í gagnid þann 1. mars 2013. Var þar um löngu tímabæra ráðstöfun að ræða. Stjórnin hafði fundað um gerð nýrrar heimasíðu og m.a. farið í gegnum þarfagreiningu varðandi hana. Heimasíða LÍV miðlar fréttum af heimasíðum aðildarfélaganna og er sömuleiðis mikilvæg til að miðla upplýsingum af starfi LÍV.

## **ANDLÁT**



Grétar Hannesson lést í júlí 2012, 75 ára gamall. Hann sat í framkvæmdastjórn LÍV frá árinu 1975 til 2003 og var ritari sambandsins frá árinu 1979 til 2002.



Eyjólfur Guðmundsson lést í júlí árið 2013. Hann var endurskoðandi sambandsins frá árinu 1959 til 1963 og varamaður frá árinu 1963 til 1965.

## **FUNDIR**

Á kjörtímabilinu voru haldnir 19 stjórnarfundir.

Haustið 2011 var opnaður sérstakur upplýsingavefur fyrir stjórnarmenn þar sem þeir geta nálgast fundargerðir og fylgiskjöl stjórnarfunda.

Á fundi stjórnar þann 29. maí var í framhaldi af afsögn Stefáns Einars Stefánssonar formanns LÍV samþykkt að varaformaður LÍV, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir gegndi starfi formanns til næsta LÍV þings. Þá var Guðbrandur Einarsson kjörinn til að gegna varaformennsku og Páll Líndal starfi ritara. Jafnframt var samþykkt að nýkjörinn formaður VR Ólafía B. Rafnsdóttir fengi seturétt í stjórninni með málfrelsi og tillögurétti. Formanni og varaformanni var falið að vera í forsvari við gerð næstu kjarasamninga.



Dagana 8. - 9. september 2011 var haldinn kjaramálafundur á Hótel Hallormsstað, fyrir formenn og starfsmenn aðildarfélaganna. Elías Magnússon, kjaramáladeild VR og Guðmundur B. Ólafsson lögmaður fóru yfir kjarasamningana. Alls sátu fundinn yfir 20 fulltrúar frá 10 aðildarfélögum.

Stjórn LÍV boðaði til stefnumótunarfundar á Akureyri dagana 14.-15. október 2011. Var það gert á grundvelli samþykktu þingsins um endurskoðun starfsemi LÍV og leggja á fyrir þing þess 2013. Fundinn sátu formenn aðildarféлага og deilda aðildarféлага LÍV, ásamt stjórn og varastjórn. Dr. Þróstur Ólaf Sigurjónsson, lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, var fenginn til að stýra starfi fundarins sem þótti takast með miklum ágætum. Fundurinn markaði upphaf stefnumótunarstarfsins.

Vinnufundur stjórnar um stefnumótun LÍV var haldinn á Hótel Rangá dagana 6.-7. febrúar 2012. Helstu verkefni fundarins fólust í að vinna áfram í þeirri stefnumótun sem þing LÍV hafði falið stjórn félagsins að vinna að og skila skal á þingi LÍV 2013. Þá var einnig farið yfir þær áherslur sem stjórn LÍV ætlaði að vinna með í aðdraganda og á þingi ASÍ 2012. Á fundinn mætti Sara Lind Guðbergsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Vinnumálastofnunar og fjallaði um skylduaðild að félögum og úrskurði Mannréttindadómstóls Evrópu um það mál.



Formannafundur var haldinn dagana 4. og 5. maí 2012. Þar komu saman fulltrúar frá flestum aðildarfélögum sambandsins. Fyrirlesarar voru Jón Sigurðsson fyrrum seðlabankastjóri og formaður Framsóknarflokksins sem fjallaði um efnahagsleg áhrif þriðja geirans á Íslandi og Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Félags fjárfesta og lektor við Viðskiptadeild Háskóla Íslands sem ræddi við fundarmenn um niðurstöðu Úttektarnefndar LL um starfsemi lífeyrissjóðanna í aðdraganda hruns bankanna 2008. Á fundinum var fjallað um stöðu núgildandi kjarasamninga og farið yfir þau atriði sem helst þarf að setja á oddinn í kjaraviðræðum haustið 2013.

Formannafundur var haldinn 13. september 2013 og voru þátttakendur frá öllum félögum og deildum nema einni. Efni fundarins var kjarakönnun, kröfur VR/LÍV og horfur í aðdraganda kjarasamningagerðar. Framsögu höfðu Elías Magnússon, Ólafur Darri Andrason og Steinunn Böðvarsdóttir.

## **KJARAMÁL**

### **Niðurstæða atkvæðagreiðslu kjarasamnings 2011**

Kjarasamningur LÍV við Samtök atvinnulífsins var samþykktur með miklum meirihluta eða um 88% atkvæða. Á heimasíðu sambandsins, landssamband.is eru birtar ítarlegar upplýsingar um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar í hverju aðildarfélagi / deild fyrir sig.

### **Endurskoðun kjarasamninga 2012**

Fyrir áramótin 2011/2012 settist samninganefnd ASÍ niður ásamt sérfræðingum sambandsins og lagði hlutlægt mat á stöðu samninganna. Ljóst var að ákveðnar forsendur þeirra stóðust ekki. Samninganefndin fundaði nærri daglega fyrstu vikunnar í janúar. Að lokum var boðað til formannafundar hjá ASÍ og var hann haldinn 19. janúar. Sama dag fundaði stjórn LÍV um málið og sendi frá sér yfirlýsingu um stöðu mála. Var það samdóma álit stjórnarmanna að framlengja skyldi samningana, þrátt fyrir brostin loforð. Yfirlýsingin var svohljóðandi:

## „Ályktun frá stjórn LÍV

Stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna lýsir sárum vonbrigðum með að ríkisstjórn Íslands hafi ekki staðið við þau fyrirheit, sem gefin voru með yfirlýsingu hennar við gerð kjarasamninga hinn 5. maí 2011.

Vill stjórnin benda sérstaklega á að sú aðför sem gerð er að almennu lífeyrissjóðunum gengur þvert á gefin fyrirheit um jöfnun lífeyrisréttinda á íslenskum vinnumarkaði, sem ríkisstjórnin lofaði að hafist yrði handa um. Þá mun það lengi í minnum haft að ríkisstjórn, sem kennir sig við norræna velferð, skuli svíkja gefin loforð um þá hækkun atvinnuleysisbóta og aðrar hækkanir almannatrygginga, sem um var samið.

Þrátt fyrir svikin loforð ríkisstjórnarinnar telur stjórn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna ekki tímabært að segja upp núgildandi kjarasamningi. Byggir sú afstaða stjórnarinnar á því að í honum felast verðmæti fyrir verzlunar- og skrifstofufólk sem m.a. munu koma til framkvæmda 1. febrúar næstkomandi.

Stjórn LÍV krefst þess af stjórnvöldum og atvinnurekendum að ráðist verði í fjárfestingar sem skili fólkinu í landinu fleiri störfum til framtíðar. Að nýta ekki þau tækifæri sem nú þegar eru til staðar til atvinnuuppbyggingar gerir ekkert annað en að viðhalda þeirri óvissu sem nú ríkir. Fólkið í landinu mun ekki láta sitt eftir liggja, standi ríkisvaldið og atvinnurekendur við sitt!

Reykjavík 19. janúar 2012“

## Endurskoðun kjarasamninga 2013

Þegar hilla tók undir lok ársins 2012 lagði forysta LÍV mikla áherslu á það á sameiginlegum vettvangi aðildarfélaganna ASÍ að samninganefnd sambandsins hraðaði vinnu við endurskoðun kjarasamningsins enda væri ljóst að ýmislegt varðandi forsendur hans stæðist ekki. Mikillar óánægju gætti í baklandi stéttarfélaganna þar sem minna hafði orðið úr kaupmætti en áætlanir stóðu til og þá hafði ríkisstjórn Íslands ekki brugðist við áskorunum stéttarfélaganna um hækkun bóta almannatrygginga. Var boðað til formannafundar á vettvangi ASÍ þann 7. janúar og staða mála rædd. Að loknum viðræðum við SA var komist að niðurstöðu sem fólst í styttingu samningsins til 1. nóvember 2013 og einnig að iðgjald til starfsmenntasjóða hækkaði í áföngum og eftir stöðu hvers sjóðs fyrir sig.

Skrifað var undir samkomulag um að framlengja samninga þann 21. janúar 2013, sama dag og fresturinn rann út.

Hér að neðan má sjá helstu atriði samkomulags ASÍ og SA 2013 vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamninga.

- Samningstíminn er stytur um tvo mánuði, gildistími er til 30. nóvember 2013 í stað 31. janúar 2014. Þá er áréttað mikilvægi þess að hefja þegar vinnu vegna næstu kjarasamninga en sú vinna þarf að felast í mótun á sameiginlegri sýn á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til aukinna launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum.
- Þá er áhersla lögð á samstöðu um atvinnustefnu sem hefur að markmiði hagvöxt, fleiri störf og bætt lífskjör á grunnri stöðugleika.
- Þá vilja aðilar leita samstöðu um stefnu og aðgerðir á sviði gengis- og verðlagsmála sem lagt geti grunn að þróun verðlags og jöfnun starfsskilyrða atvinnulífsins. Aðilar vinnumarkaðarins munu jafnframt beita sér fyrir aðgerðum til lækkunar verðlags.
- Samkomulag náðist um að framlög til starfsmenntasjóða hækki í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015 og verður ráðstöfun þessarar hækkunar nánar útfærð í næstu kjarasamningum.
- Aðilar eru sammála um að vinna áfram að jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sameiginlegri nefnd vinnumarkaðarins.
- Þá náðist samkomulag um að halda áfram átaki gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitölulflakki og að bættri framkvæmd útboðsmála.

## Kjarakönnun LÍV

Í júní og júlí 2013 stóð LÍV fyrir könnun meðal félagsmanna eftirtalinna aðildarféлага: Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri, Stéttarfélag Vesturlands, Verslunarmannafélags Skagfirðinga, Verslunarmannafélags Suðurlands og Verslunarmannafélags Suðurnesja. VR gerði könnun meðal sinna félagsmanna á svipuðum tíma. Önnur félög eða verslunarmannadeildir innan Starfsgreinasambandsins voru ekki með í könnun LÍV þar sem könnun var gerð hjá SGS með svipuðu sniði. Niðurstöður þeirra voru mjög sambærilegar niðurstöðum í könnun LÍV.

### Niðurstöður í könnun LÍV voru þessar helstar:

- Um 41% svarenda vill leggja mesta áherslu á að auka kaupmátt en tæpur fjórðungur vill mesta áherslu á beinar launahækkanir. Svipað hlutfall vill leggja áherslu á hækkun lægstu launa.
- Mikill meirihluti svarenda er hlynntur þjóðarsátt á kostnað launahækkana eða 63%. Flestir nefndu sem ástæðu að reyna að koma í veg fyrir víxlhækkun launa og verðlags.
- Aðgerðir til að draga út skuldavanda heimilanna og skattamálin eru mikilvægustu málefnið að mati félagsmanna þegar spurt er um áherslur verkalýðshreyfingarinnar í heild. Afnáam verðtryggingar á neytendalán og aðgerðir til að efla atvinnu fylgja fast á eftir.
- Spurt var hvort félagsmenn vildu semja til skemmri eða lengri tíma og sögðust 61% vilja samning til lengri tíma
- Meirihluti eða 59% tekur ekki afstöðu til síðustu kjarasamninga sambandsins, 13% voru ánægð með samningana en 28% óánægð.

## Kröfugerð 2013

Kjarasamningar renna út í lok nóvember 2013. Kröfugerð LÍV gagnvart atvinnurekendum liggur fyrir og er birt í heild sinni hér að neðan. Öll félög og deildir veittu LÍV umboð sitt til kjarasamningsgerðar við SA.

## Kröfur VR og LÍV gagnvart atvinnurekendum 2013

### Almennar áherslur og markmið

VR og LÍV leggja mikla áherslu á við gerð nýs kjarasamnings að skapaður verði grunnur að efnahagslegum stöðugleika og unnið verði markvisst að því að auka kaupmátt launafólks.

### Lengd samningstíma

Það er afstaða VR og LÍV að heppilegra sé að semja til lengri tíma en það eykur líkur á árangri í baráttunni fyrir stöðugleika og auknum kaupmætti á vinnumarkaði. En þar sem óvissa ríkir í þróun efnahagsmála og hvað aðgerðir stjórnvalda í ríkisfjármálum varðar telja félögin rétt að skoða möguleika á stuttum kjarasamningi.

### Starfsmenntamál

Aukin menntun og fræðsla eru grunnurinn að styrkari stöðu verslunar- og þjónustufólks og því vilja VR og LÍV leggja áherslu á starfsmenntamál í kjarasamningaviðræðum með það að markmiði að starfsmenntun sem í boði er sé markviss, í takt við þarfir atvinnulífsins og metin til launa.



## Laun

- Laun taki almennum hækkunum og kaupmáttur launa verði tryggður. Sértek áhersla verði lögð á millitekjuhópa og hækkun lægstu launa. Launakröfur verða nánar skilgreindar síðar.
- Orlofsréttindi verði aukin, m.a. með það að markmiði að tryggja áunninn orlofsrétt enn frekar. Þá þarf að leysa ágreining sem verið hefur uppi varðandi ávinnslu orlofs eftir 5 ára starf hjá fyrirtæki.
- Launagreiðslur í kjölfar vinnuslysa verði þær sömu og vegna veikinda þannig að föst og reglubundin laun verði greidd, eins og gert er í almennum veikindarétti.
- Launagreiðslur á rauðum dögum verði settar inn í kjarasamning aðila með skýrari hætti en áður.
- Hækkun desember- og orlofsuppbóta skv. almennum hækkunum.
- Álag á nóttunni verði aukið í 50%, sbr. bókun í kjarasamningi frá árinu 2011.
- Farið verði sérstaklega yfir launabátt starfsmanna sem starfa í gestamóttökum hótela, apótekum og þeirra sem starfa í ferðaþjónustu.
- Launagreiðendum verði gert skylt að boða starfsmenn til árlegs viðtals um starf og launakjör með sannanlegum hætti.

## Vinnutími

- Ferðatími vegna ferðalaga á vegum vinnuveitanda teljist til vinnutíma og greiðist samkvæmt því.

## Atvinnuöryggi

- Nefnd hefur verið starfandi varðandi öryggi og aðbúnað verslunarfólks. Vinna nefndarinnar er langt komin og hefur gengið vel. Lagt er til að niðurstöður hennar verði lagðar til grundvallar bókunar í kjarasamningi aðila með það að markmiði að bæta stöðu verslunarfólks.
- Mikilvægt er að ræða sveigjanleg starfslok starfsmanna vegna aldurs með það að markmiði að tryggja góða framkvæmd í þessum málaflokki.

## Lífeyrismál, tryggingar, veikindaréttur o.fl.

- Launamenn séu að fullu slysatryggðir á ferðalögum erlendis í þágu vinnuveitanda, sbr. bókun frá árinu 2011.
- Allur kostnaður vegna læknisvottorða og komugjalda verði greiddur af launagreiðanda, ef vinnuveitandi óskar eftir læknisvottorði vegna veikinda.
- Veikindaréttur vegna barna verði útvíkkaður til að mæta veikindum maka og foreldra.
- Veikindaréttur í orlofi erlendis verði færður til þess sem gildir í orlofi innanlands.
- Unnin verði frekari endurskoðun á ákvæðum um tryggingar launþega.

## Starfsmenntamál

- Fulltrúar vinnumarkaðarins, í samstarfi við menntayfirvöld í landinu, sammælist um að ljúka vinnu við að skilgreina starfsmenntun fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum með námslokum sem verða metin til launa.
- Í boði verði samfellt nám á framhaldsskólastigi fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum.
- Áhersla verði lögð á að launafólk með stutta formlega menntun fái tækifæri til þess að fá reynslu sína metna í raunfærnimati.

## Jafnréttismál

- VR og LÍV krefjast þess að baráttan gegn kynbundnum launamun á vinnumarkaði verði hert en þar hefur VR verið í forystu á undanförunum árum. Jafnlaunavottun er stjórnþæki sem VR hefur sett fram í því sambandi og hvetur atvinnurekendur til aukins samstarfs til að tryggja öllum á vinnumarkaði sömu laun fyrir sömu eða sambærilega vinnu.

## Annað

- „Pakkalaun“ verði nánar skilgreind og hvað í þeim felst, s.s. hvert er verðgildi dagvinnu, eftirvinnu og yfirvinnu hjá hverjum launþega. Auk þess þarf að tryggja að réttindi launþega skv. kjarasamningi geti ekki fallið undir pakkalaun nema með sérstöku samkomulagi milli VR/LÍV annarsvegar og SA hinsvegar.
- Farið verði yfir réttarstöðu fólks sem er í hlutastörfum og/eða íhlaupastörfum.
- Farið verði sérstaklega yfir réttarstöðu fólks sem vinnur á bakvöktum, bæði hvað varðar greiðslur og útköll.

Að öðru leyti er vísað til sameiginlegra krafna aðildarfélaga ASÍ.

## **SKÝRSLA UM LÍFEYRISSJÓÐI**

Stjórn LÍV fundaði vegna skýrslu úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða um starfsemi og fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Skýrsla nefndarinnar var mikil að vexti og hafði að geyma ýmsar athugasemdir og ábendingar til sjóðanna. Stjórn LÍV sendi frá sér yfirlýsingu þann 7. febrúar 2012 af því tilefni:

### **Ályktun**

#### Skýrsla úttektarnefndar um lífeyrissjóði

Stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna lýsir ánægju með útgáfu skýrslu sem unnin var um starfsemi á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða á Íslandi. Mikilvægt er að uppbyggileg og yfirveguð umræða fari fram um niðurstöður úttektarnefndarinnar, þar sem lífeyrissjóðirnir gegna mjög veigamiklu hlutverki í að treysta og tryggja afkomugrundvöll sjóðfélaga, bæði í nútíð og framtíð.

Það veldur miklum vonbrigðum hversu miklir fjármunir glötuðust hjá lífeyrissjóðunum vegna þess kerfishruns sem átti sér stað árið 2008. Þrátt fyrir þetta mikla tap hafa sjóðirnir staðið af sér mesta efnahagslega áfall sem dunið hefur yfir frá því að lífeyrissjóðakerfið var stofnsett og bendir flest til að almennu sjóðirnir muni á komandi árum geta rétt stöðu sína við og staðið undir þeim skuldbindingum sem á þeim hvíla.

Eitt af því alvarlegasta sem skýrsla úttektarnefndarinnar varpar skýrara ljósi á en áður, er sá hrópandi mismunur sem landsmenn búa við, eftir því hvort iðgjöld þeirra renna í hina opinberu lífeyrissjóði eða hina almennu. Það er óþolandi að þegar sjóðfélagar almennu sjóðanna hafa tekið á sig skerðingu réttinda, skuli þeir á sama tíma standa frammi fyrir aukinni skattbyrði til þess að hægt sé að viðhalda óbreyttu réttindakerfi opinberu sjóðanna.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 5. maí 2011 er því heitið að vinna að jöfnun réttinda sjóðfélaga í landinu. Þá vinnu verður að hefja nú þegar, ekki síst í ljósi þeirrar mismununar sem skýrsla úttektarnefndarinnar undirstrikar með óyggjandi hætti.

Stjórn LÍV - 7. febrúar 2012

## **STARFSMENNTASJÓÐIR**

### **Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks**

Í stjórn sjóðsins sátu á tímabilinu fyrir hönd LÍV/VR Teitur Lárusson (VR), formaður, Stefánía Magnúsdóttir (VR) og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (FVSA). Í október 2013 tók Fríður Birna Stefánsdóttir (VR) sæti Stefaníu og Eiður Stefánsson (FVSA) sæti Úlfhildar. Margrét Ingbórsdóttir (VMS) sat sem varamaður fram í október 2013 en Gils Einarsson (VMS) og Guðrún B. Hallbjörnsdóttir (VR) voru skipuð varamenn frá október 2013.

### **Reglugerðabreyting**

Í september 2012 var samþykkt breyting á reglugerð sjóðsins sem mun taka gildi 1. janúar 2014. Eldri starfsreglur munu gilda í tvö ár frá gildistöku nýrra reglna og geta félagsmenn valið að nýta þær reglur á tímabilinu sem gefa þeim betri réttindi.

Helstu breytingar á reglunum eru:

- Hámarksstyrkur kr. 90.000 á ári vegna starfsnáms og kr. 20.000 vegna tómsundanáms
- Hámarksstyrkur kr. 270.000 fyrir eitt samfellt starfsnám ef styrkur hefur ekki verið nýttur í 3 ár.
- Endurgreiðsluhlutfall 75% vegna starfsnáms en áfram 50% vegna tómsundanáms
- Hægt er að sækja um styrk úr sjóðnum þegar félgasgjald hefur borist í 3 mánuði
- Réttindi falla niður ef iðgjöld hafa ekki borist í 6 mánuði

### **Nýr samstarfssamningur**

Nýr samstarfssamningur var undirritaður í september 2013 við VR um rekstur sjóðsins.

### **Stefnumótunafundur**

Stefnumótunarfundur var haldinn í Reykjavík 2. – 3. maí en samningur var gerður við Expectus um að fara í greiningu á umhverfi, hlutverki, framtíðarsýn og stefnu sjóðsins ásamt innri greiningu. Skýrsla var lögð fram um niðurstöður verkefnisins og eru þær helstu birtar á vef SVS undir kynningu á sjóðnum.

### **Starfsmenntasjóður verslunarinnar**

Í stjórn sjóðsins sátu Teitur Lárusson (VR) og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (FVSA). Stefán E. Stefánsson var varamaður fram í maí 2013.

## **STÖRFIN OG KRÖFURNAR**

Undirrituð var viljayfirlýsing um samstarf milli SVP, LÍV og VR í apríl 2012 en Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar veitti SVP styrk vegna verkefnisins „Störfin og kröfurnar“. Verkefnið er unnið í gegnum Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina í samstafi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

## **MINNINGARVERKEFNI**

Haustið 2011 var gerður samningur við Skólavefinn um að efla námsvefinn Námstorg.is og fjölga námskeiðum og námsaðstoð fyrir fullorðna. Samþykktur var styrkur að upphæð 2 milljónir króna frá sambandinu til verksins til minningar um fyrrverandi formann LÍV, Ingbjörgu R. Guðmundsdóttur sem lést í nóvember árið 2010. Viðbótarstyrkur var samþykktur til að efla vefinn ennfrekar en þau áform voru dregin til baka. Áætlað er að verkefnið verði kynnt fyrir árslok 2013.

Viðræður hafa verið við Félag lesblindra um samvinnu um að útbúa kynningarefni fyrir 8. bekki til að heiðra minningu Ingibjargar R. Guðmundsdóttur en hún var áhugamanneskja um hag lesblindra einstaklinga.

## ASÍ

Formannafundur ASÍ var haldinn 26. október 2011 en fundurinn var tileinkaður atvinnumálum.

Þing ASÍ var haldið 24. - 26. október 2012 en þingin eru haldin á tveggja ára fresti.  
Stofnfundur ASÍ-UNG var haldinn 27. maí 2011. LÍV gaf fundahamar í tilefni stofnfundarins.

### Fulltrúar verslunarmanna í nefndum á vegum ASÍ

**Miðstjórn:** Aðalmenn eru Guðbrandur Einarsson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Kristín M. Björnsdóttir, Ingibjörg Ó. Birgisdóttir og Óskar Kristjánsson. Varamenn eru Gils Einarsson og Páll Líndal

**Alþjóðanefnd:** Ingibjörg Ó. Birgisdóttir og Einar Hjartarson til vara

**Atvinnumálanefnd:** Ólafía B. Rafnsdóttir og Gils Einarsson til vara

**Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:** Ásta Rut Jónasdóttir og Pál Líndal til vara

**Mennta- og útbreiðslunefnd:** Kristín María Björnsdóttir og Ingibjörg Ó. Birgisdóttir til vara

**Efnahags- og skattanefnd:** Guðbrandur Einarsson og Kári Friðriksson til vara til mars 2013

**Lífeyris- og veikindaréttanefnd:** Páll Líndal og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir til vara

**Skipulags- og starfsháttanefnd:** Ólafía B. Rafnsdóttir og Óskar Kristjánsson til vara

**Velferðarnefnd:** Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Eiður Stefánsson til vara

**Vinumarkaðsnefnd:** Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (formaður nefndar) skipuð af miðstjórn, Hjörtur Geirmundsson og Guðrún Erlingsdóttir til vara

**Umhverfisnefnd:** Hjörtur Geirmundsson og Guðrún Erlingsdóttir til vara

**Laganefnd:** Guðbrandur Einarsson. Engir varamenn eru í nefndinni

**Öryggismál í verslunum:** Halldór Grönvold og Elías Magnússon

### Fulltrúar LÍV skipaðir af ASÍ í nefndir, stjórnir og ráð

**Utánríkisráðuneytið - samningahópar vegna aðildarumsóknar að EES**

**Byggða og sveitastjórnarmál:** Guðbrandur Einarsson

**EES II, félagsmál, þjónusta, fjárfestingar, umhverfismál:** Úlfhildur Rögnvaldsdóttir til vara

**Sjávarútvegsmál:** Guðrún Erlingsdóttir til vara

**Utánríkis- og öryggismál:** Ólafía B. Rafnsdóttir

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

**Fræðslusjóður:** Ástríður S. Valbjörnsdóttir til vara

**Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina:** Teitur Lárusson, Sólveig L.

Snæbjörnsdóttir og Ástríður S. Valbjörnsdóttir til vara

**Velferðarráðuneytið**

**Atvinnuleysistryggingasjóður:** Guðbrandur Einarsson

**Félagsmálaskóli alþýðu:** Kristín M. Björnsdóttir og Ingibjörg Ó. Birgisdóttir til vara

**Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta:** Árni Leósson

**Vinumarkaðsráð Suðurlands:** Margrét Ingbórsdóttir til vara til október 2012

**Vinumarkaðsráð Suðurnesja:** Guðbrandur Einarsson til vara  
**Vinnueftirlit ríkisins:** Rannveig Sigurðardóttir til vara  
**Vinumálastofnun:** Guðbrandur Einarsson til vara

### Fulltrúar með samtökum atvinnurekenda og fl.

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – FA:** Eyrún Ingadóttir, varamaður

**Kjararannsóknarnefd:** Ólafía B. Rafnsdóttir

**Samráðsnefnd á vegum FA um þróun raunfærismats:** Eyrún Ingadóttir

**Stjórn VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs:** Ólafía B. Rafnsdóttir

**Fulltrúaráð VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs:** Árni Leósson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Guðbrandur Einarsson, Hjörtur Geirmundsson, Sara Lind Guðbjörnsdóttir til júlí 2013 og Ólafía B. Rafnsdóttir

**Stjórn STARFs, ráðgjöf og vinnumiðlun:** Ólafía B. Rafnsdóttir

**Mímir - símenntun:** Sólveig L. Snæbjörnsdóttir og Fríður Birna Stefánsdóttir til vara

**ASÍ UNG:** Guðfinna A. Ólafsdóttir

### VINNUSTAÐASKÍRTEINI

Samkomulag var gert milli ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini sem tók gildi 15. ágúst 2011. Eftirlitsfulltrúi verslunarmanna er Gunnar Böðvarsson, fyrrverandi stjórnarmaður í VR

### ERLENT SAMSTARF

Alþjóðasamstarf LÍV var með hefðbundnu móti á árunum 2011-2013. Eftir andlát Ingibjargar R. Guðmundsdóttur þáverandi formanns dró töluvert úr þátttöku LÍV á þessum vettvangi en sú virðing sem hún naut fyrir störf sín og einnig sú almenna velvild sem LÍV nýtur meðal systursamtaka sinna á Norðurlöndunum urðu til þess að nýr formaður var fljótt settur inn í málefni þess samstarfs sem byggt hefur verið upp á síðustu árum og áratugum. Mikilvægt er að viðhalda þessu samstarfi enda sækir formaður/stjórn LÍV á hverjum tíma mikla þekkingu og stuðning til hinna stóru systursamtaka og þeirra aðildarfélaga sem LÍV á aðild að.

### UNI (Union Network International)

Alþjóðasamtökin UNI eru málsvari 20 milljóna félagsmanna í um 900 landssamböndum/ landsfélögum í 150 löndum. Aðeins landssamtök geta átt aðild að UNI. Höfuðstöðvar UNI eru í Nyon.

UNI skiptist eftir landssvæðum og á LÍV aðild að **UNI Europa**, sem hefur aðsetur í Brussel. UNI skiptist einnig eftir starfsgreinum í geira og á LÍV aðild að **UNI Commerce** (verslun) og **UNI Information, Communication, Technology and Services - ICTS** (þjónusta í upplýsinga-, samskipta-, tækni- og þjónustugreinum).

Auk LÍV eiga Samband ísl. bankamanna, Félag bókkargerðarmanna, Póstmannafélag Íslands og Félag ísl. símamanna aðild að UNI.

Skattur til UNI General er CHF 2,1, UNI Solidarity CHF 0,25 og UNI Regional EUR 0,41 á hvern félagsmann.

Formaður UNI er Philip Jennings.

Vefsíða: [www.union-network.org](http://www.union-network.org)

### **Þing UNI, UNI Europa og UNI Commerce**

Þing UNI var haldið í Nagasaki í Japan í nóvember 2010 en næsta þing verður haldið í Suður-Afríku árið 2014

Þing UNI Europa var haldið í Frakklandi í október 2011 og var Stefán Einar Stefánsson fulltrúi LÍV. Næsta þing verður haldið árið 2015.

Þing UNI Commerce var haldið í Argentínu í október 2013 og voru fulltrúar LÍV þau Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Guðbrandur Einarsson. U.þ.b 400 fulltrúar hvaðanæva úr heiminum sátu þingið. Næsta þing verður haldið í Þýskalandi 2017.

### **NK (norræna samstarfsnefndin)**

NK – Nordisk Komité, er samstarfsvettvangur landssambandanna Handel- og Kontorfunktionærernes Forbund í Danmark, Handel og kontor í Noregi, Handels í Svíþjóð, PAM í Finnlandi og LÍV. Forsendan fyrir aðild að NK er aðild að UNI. Stefán Einar Stefánsson var fulltrúi LÍV í stjórn og vinnunefnd NK.

Samstarfið greiðir kostnað vegna stjórnar- og ársfunda og hluta kostnaðar vegna ráðstefna. Formaður NS er Trine Lise Sundnes frá HK í Noregi.

#### **Ársfundir**

Samstarfið heldur árlega fundi en þar er farið yfir það sem efst er á baugi í hverju sambandi, samstarfinu innan UNI og önnur mál, sem varða samböndin. Fundirnir eru haldnir til skiptist í löndunum. Ársfundur var haldinn í Danmörku árið 2011 og sat Úlfhildur Rögnvaldsdóttir hann fyrir hönd LÍV. Árið 2012 var hann haldinn á Íslandi og sat Stefán Einar Stefánsson fundinn fyrir hönd LÍV. Á þeim fundi var samþykkt að LÍV hefði rétt á tveimur fulltrúum á ársfundi. .

#### **Vinnufundir**

Á vinnufundum eru ársfundirnir undirbúnir og fjallað um þau mál, sem upp koma á milli funda. Fundur var síðast haldinn í Danmörku í janúar 2013 og tók Stefán Einar Stefánsson þátt í honum.

### **NH (norræn verslun)**

Nordisk Handel er samstarf landssambanda verslunarmannafélaga á Norðurlöndunum og er bundið við verslunargeirann. Í nefndinni sitja aðilar frá HK Handel í Danmörku, Handel og Kontor í Noregi, PAM í Finnland, Unionen og Handels í Svíþjóð og LÍV.

Samstarfið greiðir kostnað vegna stjórnar- og ársfunda og hluta kostnaðar vegna ráðstefna. Skatturinn til NH er DKK 1,00.

Formaður NH er Lars-Anders Häggström frá Handels, Svíþjóð

#### **Ársfundir og fundir með atvinnurekendum**

Nordisk handel heldur árlega fundi. Þar eru fluttar skýrslur sambandanna og fjallað um ýmis mál tengd greininni. Á sama tíma eru haldnir fundir með atvinnurekendum. Þar eru rædd mál sem snerta greinina.

Ársfundur var haldinn á Svalbarði í maí 2012 en Stefán Einar Stefánsson sat fundinn fyrir hönd LÍV. Ársfundurinn í júní 2013 var haldinn í Færeyjum. Fulltrúar LÍV á fundinum voru Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Guðbrandur Einarsson og var hann kosinn í stjórn nefndarinnar.

#### **Stjórnarfundir**

Fulltrúar LÍV í stjórn og vinnunefnd NH voru þeir Stefán Einar Stefánsson sem sótti tvo fundi á tímabilinu og Guðbrandur Einarsson einn fund í október 2013. Viðfangsefni fundarins í ár var undirbúningur fyrir þing UNI Commerce ásamt yfirferð um stöðu í hverju landi. Þá var einnig tekin ákvörðun um að ráða starfsmann í fullt starf.

## **UNI ICTS Norden**

ICTS tilheyrir upplýsinga-, samskipta-, tækni- og þjónustugreinum og er samstarf landssambanda á Norðurlöndunum. Tilgangurinn samstarfsins er að miðla upplýsingum og koma á viðræðum milli aðildarsambandanna svo og að fylgja eftir sameiginlegum áherslum innan UNI og UNI Europe.

Landssamböndin, sem eiga aðild að því eru: HK Privat (hluti HKiD) og TL -Teknisk Landsforbund í Danmörku, Handel og Kontor og FLT - Forbundet for Ledelse og Teknikk í Noregi, Unionen og Jusek í Svíþjóð, ERTU, TU – Tjänstemannunionen í Finnlandi og LÍV sem er með aðild fyrir 70% af sambandinu.

Samstarfið greiðir ferða- og hótélkostnað fyrir þátttakendur vegna stjórnar- og ársfunda. Skattur til samstarfsins er SEK 0,75

Formaður er Peter Hellberg, varaformaður Unionen.

### **Ársfundir**

Ársfundir voru haldnir í Litháen árið 2011 og í Lettlandi árið 2012 og sótti Stefán Einar Stefánsson báða fundina.

### **Vinnufundir**

Stefán Einar Stefánsson sótti einn vinnufund á tímabilinu árið 2012.

## **Aðrir erlendir fundir**

### **Þing systursamtaka**

- Handels í Svíþjóð í maí 2011. Guðbrandur Einarsson sat þingið.
- Handel- og kontor í Noregi í september 2012.
- HK Danmörku í október 2012. Stefán Einar Stefánsson og Kári Friðriksson sátu þingið.
- HK-Handel í Danmörku í október 2013. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir sat þingið.

### **Heimsókn kínverskra verkalýðsfélaga**

Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í Quang-Xi héraði í Kína mættu til fundar við stjórn LÍV þann 19. desember 2012.

### **Fundur á Íslandi með forseta LO í Noregi**

Forseti norska Alþýðusambandsins sótti Ísland heim í ágúst 2012 og fundaði með miðstjórn ASÍ.

# **Skýrslur aðildarfélaga**



## VR

### Þróun félagsmannafjölda

2011 28.840

2012 29.434

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Akranesi og á Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í kjaramálasvið, fjármála- og rekstrarsvið, þróunarsvið, þjónustu- og mannauðssvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Í byrjun mars 2013 störfuðu 50 starfsmenn hjá félaginu í 46 stöðugildum.

### **Félagsstarf og fundir**

28 fundir í stjórn

7 fundir í trúnaðarráði

3 félagsfundir (+ 13 morgunverðarfundir)

85 fulltrúar VR sátu ASÍ þing

### **Sjúkrasjóður**

Árið 2011 greiddi VR 1.130 félagsmönnum bætur úr sjúkrasjóði og 1.150 félagsmönnum 2012. Bætur og styrkir á árunum voru samtals 1.311.200.076 kr. Dánarbætur voru 81.074.496 kr. vegna 164 félagsmanna. Samtals fengu 37 félagsmenn greiddar slysabætur að upphæð 29.318.226 kr. Aðrir styrkir voru greiddir til 689 félagsmanna að upphæð 55.679.253 kr. (þ.m.t. sértækir styrkir til tekjulægri félagsmanna).

VR er í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingu og þáðu 462 félagsmenn aðstoð hjá ráðgjöfum VIRK á skrifstofu VR.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Á árunum 2011 og 2012 voru 39 orlofshús og íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 25 tjaldvagna, 17 orlofshús og 1 hótélherbergi. Útleigur áranna 2011 og 2012 voru samtals 6.049.

### **Atvinnumál svæðisins**

Í ágúst 2012 tók VR formlega við þjónustu við atvinnulausa félagsmenn, sem áður var á hendi Vinnuálastofnunar. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára sem byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga í maí árið 2011. Fjöldi atvinnuleitenda sem nýtti úrræði STARF voru 663 árið 2012.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Málafjöldi á kjarasviði VR hefur minnkað frá árunum 2008 og 2009 en þau ár voru þau erfiðust hvað málafjölda varðar frá upphafi á kjarasviði.

Meginbreytingin hjá launþegum á síðastliðnum tveimur árum er að nú sitja starfsmenn mun fastar í sínum störfum þar sem ekki er eins auðvelt og áður að fá ný störf. Þetta hefur leitt til þess að oft er aukin harka hlaupinn í aðila þegar þeir leita sér aðstoðar vegna ágreinings og gerir það málin oft á tíðum flóknari úrlausnar og viðkvæmari. Á árunum fyrir hrun var málum hinsvegar öfugt farið, þ.e. mikið framboð var af vinnu og ef samskipti milli aðila gengu ekki vel skiptu starfsmenn einfaldlega um starf, án mikilla eftirmála.

Fyrirtæki fór í þrot í umtalsverðu mæli á árinu 2011 en frá þeim tíma hefur gjaldþrotum fækkað. Á síðustu mánuðum hefur fólk einnig verið heldur duglegra að leita réttar síns og fleiri mál eru að leysast og má því kannski segja að það séu fyrstu merki um að eitthvað sé að glæðast á vinnumarkaði, þó ef til vill sé of snemmt að fullyrða um slíkt.

### **Fræðslumál**

VR bauð upp á 28 fyrirlestra og námskeið fyrir félagsmenn á tímabilinu 2011-12 og sátu þá tæplega 1.200 félagsmenn. Greiddar voru u.þ.b. 319 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna. Umsóknir voru samtals 6.655 frá 9.075 félagsmönnum.

### **Annað**

Fjöldi kjaramála til meðferðar fyrir félagsmenn voru 1.359 árið 2011 og 1.472 árið 2012. Framlag greitt í VR varasjóð er ákveðið á aðalfundi ár hvert. Fyrir árin 2011-12 var greitt samtals 842.781.930 kr. Árið 2011 var greitt til 11.686 félagsmanna og 13.086 félagsmanna 2012.

## **VERKALÝÐSFÉLAG VESTFIRÐINGA, VERSLUNARDEILD**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Óveruleg breytinga í fjölda verslunarmanna innan Verk-Vest, sveiflur upp á 5% á milli ára, fjölgun 2010 til 2011, fækkun frá 2011 til 2012. Virðist stefna í litla breytingu á árinu 2013.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstrarafkoma félagsins batnaði töluvert á milli ára en það skýrist einkum af sölu fasteignar, svo að því frátöldu er lítil breyting á heildarafkomu félagsins á milli ára.

### **Félagsstarf og fundir**

Ekki reglulegir fundir í deildinni, en deildarformaður er í aðalstjórn og fundar hún einu sinni í mánuði. Góð fræðsla er fyrir trúnaðarmenn hjá félaginu. Boðið er upp á trúnaðarmannafræðslu að hausti og vori. Einnig eru haldin stök námskeið, annaðhvort á vegum félagsins eða í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

### **Sjúkrasjóður**

Hækkun iðgjalda í sjóðinn á milli áráanna 2011 og 2012 var um 6%. Veruleg aukning var á greiðslu sjúkradagpeninga á milli áráanna eða hækkun um 50%, og fór fjöldi dagpeningabega úr 44 aðilum í 66. Sjúkrasjóður stendur þrátt fyrir það vel og hafði þessi aukning á sjúkradagpeningagreiðslum árið 2012 óveruleg áhrif á heildarstöðu stjódísins.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Hækkun iðgjalda í sjóðinn var 6% á milli áráanna 2011 og 2012. Rekstrargjöld lækkuðu verulega á milli ára, og skýrist það helst vegna viðhalds orlofshúsa sem var veruleg á árinu 2011.

### **Atvinnumál svæðisins**

Staða og horfur hjá verslunar-og skrifstofufólki á félagssvæði Verk Vest eru þokkalegar. Helst er að stórmarkaðir hafi dregið úr vinnu hjá fastráðnu starfsfólki og nýti skólakrakka í meiri mæli en áður. Mjög áberandi að um kvöld og helgar vinnur nánast eingöngu ungt fólk ( 14 -20 ára ). Fastráðnu fólki í stórmörkuðum er nánast ekki gefinn kostur á að vinna yfirvinnu.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Ekki hafa komið upp stór vandamál í samskiptum við atvinnurekendur á svæðinu. En ljóst er á þeim málum sem koma upp að bæði við gagnvart okkar félagsmönnum þurfum að gera áttak í réttindafræðslu, en atvinnurekendur þurfa einnig að gera stóráttak í að uppfræða verslunarstjóra og næstráðendur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

### **Fræðslumál**

Um 25% aukning er á fjölda aðila sem sækja um fræðslustyrki á milli áráanna 2011 og 2012. Hjá verslunarmönnum er aukningin þó heldur meiri, og fjárhæð styrkja í heild hækkaði um 40%.

### **Annað**

Lágmarkstaxtaumhverfi er allsráðandi í verslun á svæðinu, sérstaklega hjá stóru aðilunum Bónus og Samkaup.

## **STÉTTARFÉLAGIÐ SAMSTAÐA, VERSLUNARDEILD**

### **Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra**

Félagsmenn Stf. Samstöðu voru í heildina 809 þann 31.12.2012. Í deild verslunarmanna voru 88 þar af 7 gjaldfrír.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Félagið er með aðalskrifstofu sína á Blönduósi sem er opin alla daga, í eigin húsnæði sem það á með lönsveinafélagi Húnvetninga. Einnig er rekin skrifstofa á Hvammstanga í leigu húsnæði og þar er starfsmaður í 50% stöðugildi.

Rekstur félagsins er með óbreyttu sniði milli ára og vísast þar í ársreikninga félagsins.

### **Félagsstarf og fundir**

Stjórnarfundir eru yfirleitt haldnir einu sinni í mánuði nema yfir sumarmánuðina og fundir með stjórn og trúnaðarmannaráði eftir þörfum þ.e. hvaða málefni liggja fyrir hverju sinni t.d. samningar.

Fundur í deildinni var einn, aðalfundur deildarinnar.

### **Starfsemi sjúkrasjóðs**

Rekstur sjúkrasjóðs var í nokkuð hefðbundnum farvegi árið 2011 en áberandi þungur árið 2012 og var rekstrarhalli það árið kr. 3.697.377. Sjóðurinn hefur sjálfstæða þriggja manna stjórn sem fundar í lok hvers mánaðar. Séu einhver álitamál hefur það komið fyrir að stjórnin vísi málum til stjórnar og trúnaðarmannaráðs en það er ekki algengt.

Vísast að öðru leyti í lög sjúkrasjóðs Stf. Samstöðu.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á eitt hús að Illugastöðum í Fnjóskadal og helming í húsi í Ölfusborgum á móti Öldunni stéttarfélagi í Skagafirði. Félagið hefur síðan tekið hús á leigu yfir sumartímann og endurleigt sínum félagmönnum.

Sl. sumar voru tveir valkostir til viðbótar, sumarhús á Einarstöðum á Héraði og Flúðum.

### **Atvinnumál á félagssvæðinu**

Atvinnumál á svæði Stf. Samstöðu eru með svipuðu sniði og sl. ár. Ekki er mikið atvinnuleysi en fleiri atvinnutækifærum tækjum við fagnandi.

Í árslok 2011 voru 3 verslunarmenn á félagssvæði Stf. Samstöðu án vinnu og í árslok 2012 voru þeir 4.

### **Fræðslumál**

Félagið hélt trúnaðarmannanamskeið í samvinnu við Ölduna stf. í Skagafirði og var það haldið í Blöndustöð, hefur svo verið undanfarin ár.

Einnig eru margir félagsmenn að nýta sér námskeið á vegum Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlands vestra.

Þá er nokkuð um að fólk sé í fjarnámi og fólk er duglegt að nýta sér starfsmenntasjóðina.

### **Útgáfu og kynningarmál**

Samstaða hefur að jafnaði gefið út tvö blöð á ári, þar sem upplýsingum er komið til félagsmanna svo sem um sumarhús, rétt í sjúkrasjóð og vakin athygli á starfsmenntasjóðum. Einnig eru dagskrár sem gefnar eru út bæði á Hvammstanga og Blönduósi nýttar til auglýsinga fyrir félagið eftir því sem þörf er á.

### **Annað**

Samskipti við atvinnurekendur er að mestu leyti góð á svæðinu og þjónusta stéttarfélagsins vel nýtt.

## **VERSLUNARMANNAFÉLAG SKAGAFJARÐAR**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Félagsmannafjöldi hefur haldist frekar stöðugur. Í árslok 2011 voru þeir 157 en í árslok 2012 voru þeir 147. Sem fyrr eru konur 2/3 af félagsmönnum. Atvinnuleysi hefur aukist lítillega á þessu tímabili.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Hagnaður félagsins árið 2011 var rúmlega 6,8 milljónir, þar af voru fjármagnstekjur 5,5 milljónir. Árið 2012 var hagnaðurinn 11,8 milljónir og þar af voru fjármagnstekjurnar 5,8 milljónir. Eignir félagsins í árslok 2012 voru rúmlega 160 milljónir.

### **Félagsstarf og fundir**

Haldnir eru 7-9 stjórnarfundir á ári í félaginu, síðan eru haldnir fundir í trúnaðarráði eins og þarf hverju sinni. Almennir félagsfundir auk aðalfundar eru 1-2 á hverju ári.

### **Sjúkrasjóður**

Rekstur sjóðsins hefur verið svipaður undanfarin ár en sl. 2 ár hafa þó verið að aukast greiðslur sjúkradagpeninga hvort sem að ástandinu í þjóðfélaginu er um að kenna eða ekki. Félagið greiðir einnig út ýmsa styrki s.s. til sjúkrahjálfunar, sjúkranudds, líkamsræktar, krabbameinsskoðunar ofl. Á hverju ári eru í kringum 100 afgreiðslur úr sjúkrasjóðnum. Tekjur sjóðsins hafa alltaf verið meiri en útgreiðslur þannig að peningaleg staða sjóðsins er ágæt. Hrein peningaleg eign um sl. áramót var rúmlega 92 milljónir. Þá hefur sjóðurinn átt um langt árabil íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði sem að leigð er út til þeirra sem að þurfa að leita sér lækningar á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðurinn lét gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins á sl. ári og kom hann mjög vel út úr þeirri úttekt og getur staðið fullkomlega við sínar lögbundnu skuldbindingar.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði ásamt Öldunni stéttarfélagi og einnig íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði til almennrar útleigu til félagsmanna. Þá hefur félagið greitt um nokkurra ára skeið orlofsstyrki sem að vegur upp á móti því að félagið á ekki nema eitt orlofshús til almennrar útleigu. Um 30-40 félagsmenn nýta sér þessa orlofsstyrki árlega. Á árinun 2012 námu þessir styrkir um 550 þúsund kr.

### **Atvinnumál svæðisins**

Atvinnumál hjá félagsmönnum hafa verið í þokkalegu ástandi árin 2011-2012 og ekki mikið atvinnuleysi sem segir þó ekki alla söguna og fækkun félagsmanna segir okkur að ef fólk missir vinnuna í þessum geira þá fer það yfir í aðra vinnu eða flytur jafnvel burtu af svæðinu. Verslunarmannafélagið hefur ekki þurft að lýsa neinni kröfu í protabú á þessu tímabili. Hins vegar hefur lítil sem engin fjölgun fyrirtækja verið í þessari flóru.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Samskipti við atvinnurekendur hafa gengið nokkuð snuðrulaust fyrir sig á þessu tímabili. Mikið er um að fólk fái einungis greitt eftir lágmarkstöxtum og lítið við því að gera. Kaupfélag Skagfirðinga er langstærsti atvinnurekandinn á svæðinu og rekur jafnframt stærstu verslanirnar.

### **Fræðslumál**

Félagið hefur verið í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og styrkt þar námskeið sem hafa verið í gangi fyrir félagsmenn. Félagið hefur einnig veitt Farskólanum rekstrarstyrk árlega. Þá hefur verið töluverð ásókn í styrki til starfsmenntasjóðs sem er mjög af hinu góða. 20 – 30 félagsmenn nýta sér árlega styrki úr sjóðnum. Félagsmenn eru duglegir bæði við starfstengt nám og tólmstundanámskeið.

## **Annað**

Félagið er í samstarfi við skrifstofu stéttarfélaganna í Skagafirði ásamt Öldunni- stéttarfélagi og Starfsmannafélagi Skagafjarðar. Starfsmenn skrifstofunnar sjá um allan daglegan rekstur og umsýslu fyrir félagið, túlkun kjarasamninga og alla almenna þjónustu við félagsmenn. Félagin halda einnig úti sameiginlegri heimasíðu [www.stettarfelag.is](http://www.stettarfelag.is)

## **FÉLAG VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Fjölgað hefur í félaginu á undandanförnum tveimur árum um tæp 10%, fullgildir félagsmenn voru um síðustu áramót 2.081 þar af 339 lífeyrisþegar. Konur eru rúmlega 60% félagsmanna.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstur félagsins hefur gengið bætilega undanfarin ár, iðgjaldtekjur hækkuðu um 9% milli síðustu ára, voru um 126 milljónir á síðasta ári, auk annarra tekna sem voru um 9 milljónir. Á árinu 2011 sameinuðust fjögur stéttarfélög um kaup á suðurhluta 3ju hæðar Alþýðuhússins þ.e. FVSA, Félag málmíðnaðarmanna, Sjómannafélag Eyjafjarðar og Félag vélstjóra og málmæknimanna. Húsnæðið var allt endurnýjað. Þar eru félagin nú með sameiginlega símsvörun og afgreiðslu, sameiginlega kaffistofu og fundaherbergi. Þetta hefur leitt til meiri samvinnu þessara félaga á ýmsum sviðum og ríkir almenn ánægja með samstarfið. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,6 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum er 11%.

### **Félagsstarf og fundir**

Fimm manna félagsstjórn ásamt þremur varamönnum fundar reglulega. Trúnaðarráð skipað 21 félaga fundar 2-3 sinnum á ári. Almennir félagsfundir 1-2 á ári, auk þess vinnustaðafundir og fundir með einstökum starfsgreinum. Árlega er haldinn starfsdagur allra kjörinna fulltrúa félagsins og starfsmanna. Á þeim fundi kjósa félagslegir trúnaðarmenn FVSA 8 úr sínum röðum í Trúnaðarráð félagsins. Fundurinn er með blönduðu efni ætlaður bæði til gagns og gamans.

Skemmtiferð á vegum félagsins eru farin árlega. Einnig er farið árlega í leikhúskerð til nágrannabyggðalaga, boðið er lífeyrisþegum, trúnaðarmönnum á vinnustöðum og kjörnum fulltrúum félagsins. Á þessu ári hafa stéttarfélagin á 3ju hæð auglýst þessar ferðir sameiginlega, mun betri þátttaka hefur því verið í ferðunum og þær skemmtilegri. Félagin eru sameiginlega með opið hús á 3ju hæðinni einn laugardag í desember og bjóða upp á kakó og vöffur. Félagið gefur út fréttablað og heldur úti heimasíðu.

Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands sem á árinu gaf út afsláttarkort til félagsmanna sinna. Kortið veitir afslátt hjá fjölmörgum fyrirtækjum á félagssvæðinu.

### **Sjúkrasjóður**

Umsvif sjúkrasjóðs fara vaxandi með ári hverju. Sjúkradagpeningar sem hlutfall af greiðslum til félagsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár, en nær öll innkoma í sjóðinn er endurgreidd til félagsmanna í formi ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða og styrkja auk dagpeninga.

Árlegur styrkur til Mæðrastyrksnefndar Eyjafjarðarsvæðisins auk styrkja til ýmissa samfélagsverkefna og stofnana eru greiddir úr félagssjóði. Árvisst er að stéttarfélagin í Alþýðuhúsinu sameinist um stærri framlög í þessu sambandi.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á fjórar nýjar íbúðir við Mánatún í Reykjavík, þar af er ein nýtt fyrir fólk sem þarf að leita sér lækninga í borginni. Nýting íbúðanna er mjög góð. Á Illugastöðum á félagið 3 orlofshús, þau eru einnig í helgarleigu yfir vetrarmánuðina. Þá á félagið stórt og glæsilegt frístundahús í Vaglaskógi.

Auk þess tekur félagið nokkur orlofshús á leigu yfir sumarmánuðina. Orlofsstyrkjum og útilegukortum er úthlutað. Gisting á Edduhótelum er niðurgreidd og samningur er við Fosshótel um afslátt á gistingu.

Veðikortið og miðar í Hvalfjarðargöng eru til sölu á hagstæðum kjörum á skrifstofunni.

### **Atvinnumál svæðisins**

Að undanfögnu hefur dregið úr atvinnuleysi meðal félagsmanna. Síðast liðinn vetur greiddu um 70 félagsmenn félagsgjöld af atvinnuleysisbótum og milli 50 og 60 yfir sumarmánuðina. Hæst fór þessi tala í 130 manns í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

Fyrirtækjum á starfssvæðinu hefur fjölgað um 20 síðustu tvö árin og voru 482 um síðustu áramót, aðeins eitt fyrirtæki er með yfir 200 FVSA félaga en langflest með einn til fjóra.

Mjög margir félagsmenn eru í hlutastörfum. Nærri 400 félagsmenn greiddu félagsgjald af lægri upphæð en 100 þúsund á mánuði og um helmingur félagsmanna af 200 þúsund eða minna á árinu 2012.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Alla jafna eru samskipti ágæt en í vaxandi mæli eru höfuðstöðvar fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu sem gera samskipti við stjórnendur ópersónuleg og oft á tíðum erfiðari.

### **Fræðslumál**

Félagið er í samstarfi við önnur stéttarfélög á svæðinu með trúnaðarmannafræðslu og ýmis önnur námskeið, en hefur einnig fengið námskeið norður sem eru í boði hjá Félagsmálaskóla alþýðu og fleiri aðilum. Að öðru leyti nýta félagsmenn sér styrki úr Starfsmenntasjóðum verslunarmanna.

### **Annað**

Stéttarfélagin við Eyjafjörð standa sameiginlega að hátíðahöldum 1. maí og skiptast á um að vera í forsvari fyrir 1. maí nefndinni.

Félagið er aðili að Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símey, VIRK starfsendurhæfingu við Eyjafjörð, Ráðgjafatorgi Akureyrarbæjar og Fjölsmiðjunni á Akureyri.

## **FRAMSÝN STÉTTARFÉLAG, DEILD VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Fullgildir félagsmenn í deildinni þann 31. desember 2012 voru 192 eða um 9% af félagsmönnum í Framsýn- stéttarfélagi. Konur voru í miklum meirihluta eða 138 á meðan fjöldi karla var 54.

Fjöldi félaga í ágúst 2013 var 159.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Skrifstofa stéttarfélaganna er rekin sameiginlega af stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum, auk þess sem Verkalýðsfélag Þórshafnar er með þjónustusamning við Skrifstofu stéttarfélaganna. Rekstur skrifstofunnar gengur vel, innheimta félagsgjalda var með svipuðu sniði og árið á undan. Almennu eru launagreiðendur samviskusamir að skila félagsgjöldum og mótfamlögum á réttum tíma. Formaður deildarinnar er ekki starfsmaður Stéttarfélagins og því staðsettur utan skrifstofu.

### **Félagsstarf og fundir**

Að öllu jöfnu eru haldnir fjórir stjórnarfundir á hverju ári auk aðalfundar deildarinnar sem haldinn er fyrir lok janúar ár hvert. Formaður deildarinnar situr einnig í stjórn Framsýnar og sækir þar stjórnarfundir. Deild verslunar- og skrifstofufólks stóð fyrir launakönnun meðal félagsmanna á árinu en vonbrigði eru með dræma þátttöku félagsmanna, aðeins um 30% tóku þátt. Formaður og varaformaður fóru einnig í fyrirtækjaheimsóknir til félagsmanna. Framsýn heldur utan um félagsstarf og meðal fastra liða má nefna sumarferð félagsmanna, jólaboð stéttarfélaganna, fundir um kjaramál auk margvíslegra fræðslufunda.

## **Sjúkrasjóður**

Sjóðsfélagar Sjúkrasjóðs Framsýnar, stéttarfélags njóta fjölbreyttra réttinda hjá sjúkrasjóðnum í samræmi við reglugerð hans. Réttindi í sjóðnum miðast við greitt félagsgjald til sjóðsins hverju sinni og aðild umsækjanda að félaginu. Staða sjóðsins er sterk og á síðasta aðalfundi var ákveðið að hækka einstaka liði til félagsmanna. Helstu réttindi eru;

Sjúkradagpeningar til sjóðsfélaga vegna eigin veikinda eða slysa

Sjúkradagpeningar til sjóðsfélaga vegna veikinda eða slysa barna/maka

Endurhæfing hjá NFLÍ Hveragerði eða sambærilegri stofnun

Sjúkrabjálfun

Dánarbætur

Fæðingarstyrkur

Glasafriðungun

Krabbameinsskoðun og hjartaskoðun

Heilsurækt sjóðsfélaga

Sálfræðiaðstoð

Tækjastyrkir

## **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Orlofsmál eru mikilvæg í starfi félagsins. Sameiginleg orlofsnefnd félaganna vinnur að því að bjóða félagsmönnum upp á marga góða kosti í orlofsmálum og má þar nefna orlofshús, gistiávisanir á Foss- og Edduhótelum, Hótel Keflavík, Hótel KEA, Gistihús Keflavíkur, á farfuglaheimilum, endurgreiðslu á gistikostnaði á tjaldsvæðum og vegna kaupa á útilegukortum. Félagið á og rekur þrjár íbúðir í Þorrasölum í Kópavogi auk þess sem Þingið (félag iðnaðarmanna) á þar eina íbúð. Einnig á félagið íbúð í Asparfelli Reykjavík og orlofshús í Dranghólaskógi og Illugastöðum.

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslu heldur leitast við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutun.

## **Atvinnumál svæðisins**

Við horfum með bjartsýni til uppbyggingar atvinnulífs á næstunni. Á næstu vikum mun skýrast frekari framgangur á uppbyggingu orkufreks iðnaðar á lóð Bakka sem kemur til með að hafa mikil áhrif á eflingu starfa í verslun og þjónustu. Nokkur uppbygging í ferðapjónustu hefur átt sér stað á svæðinu og á teikniborðinu er bygging nýrra hótela auk þess sem fyrirhuguð er stækkun á hótelinu á Húsavík. Þessar framkvæmdir hafa víðtæk áhrif í verslun og þjónustu. Á starfssvæðinu voru 56 aðilar á atvinnuleysissskrá í ágúst sem er sambærilegt frá árinu áður en þá var fjöldinn 58 manns.

## **Samskipti við atvinnurekendur**

Atvinnurekendur eiga góð samskipti við Skrifstofu Framsýnar sem sér um öll almenn samskipti og þjónustu. Auk þess er formaður og stjórn Deildar verslunar- og skrifstofufólks í góðum samskiptum, m.a. með samstarfi í verkefnum og vinnustaðaheimsóknum

## **Fræðslumál**

Boðið er upp á margvíslega fræðslufundi fyrir alla félagsmenn Framsýnar. Deild VS stóð fyrir námskeiði, „Gerum gott betur“ fyrir starfsfólk í verslunum og var það vel sótt.

## **Annað**

Deild VS innan Framsýnar í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga stóð fyrir verkefni á árinu sem snýr að úttekt í verslunum. Fengin var utanaðkomandi aðili sem gerði úttekt í níu verslunum á Húsavík, sem tekur á ytri og inni aðstæðum verslunarinnar, aðgengi og aðbúnaði. Verslunarstjórar fengu síðan skýrslu með athugasemdum og hafa flestir tekið þær til framkvæmda með einum eða öðrum hætti. Stefnt er að frekari úttekt í öðrum verslunum á starfssvæðinu.

## VERKALÝÐSFÉLAG ÞÓRSHAFNAR, DEILD VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS

### **Þróun félagsmannafjölda**

2012 19 félagsmenn (18 konur og 1 karl)

2013 18 félagsmenn (allt konur)

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Skrifstofa Verkalýðsfélags Þórshafnar er að Langanesvegi 18, Þórshöfn

### **Félagsstarf og fundir**

Aðalfundur deildarinnar var haldinn 4. apríl 2013. Hádegisverðarfundur var haldinn á Bárinni og var vel mætt.

### **Sjúkrasjóður**

Sameiginlegur sjúkrasjóður með Verkalýðsfélagi Þórshafnar.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Sameiginlegur orlofssjóður með V.Þ. Félagið á tvö orlofshús í Kjarnaskógi á Akureyri.

### **Atvinnumál svæðisins**

Mjög góð.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Mjög góð.

### **Fræðslumál**

Sameiginleg með V.Þ. í ágætu lagi.

## AFL STARFSGREINAFÉLAG, DEILD VERSLUNARMANNA

### **Þróun félagsmannafjölda og atvinnulausra**

Fjöldi félagsmanna Verslunarmannadeildar samkvæmt skýrslum til ASÍ var eftirfarandi:

|      | Greiðandi félagsmenn |       |      | Gjaldfrjálsir félagsmenn |       |      | Félagsm  |
|------|----------------------|-------|------|--------------------------|-------|------|----------|
|      | Karlar               | Konur | Alls | Karlar                   | Konur | Alls | Samtals: |
| 2010 | 50                   | 101   | 151  | 2                        | 21    | 23   | 174      |
| 2011 | 54                   | 121   | 175  | 3                        | 23    | 26   | 201      |
| 2012 | 54                   | 120   | 174  | 5                        | 23    | 28   | 202      |

AFL Starfsgreinafélag er aðili að tilraunaverkefningu STARF og sér um vinnumiðlun og ráðgjöf fyrir félagsmenn ASÍ á félagssvæði félagsins sem er gamla austurlandskjördæmið. Meðal félagsmanna deildarinnar er atvinnuástand gott.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

Rekstur félagsins er góður, félagið rekur 8 þjónustuskrifstofur víðs vegar um félagssvæðið.

### **Félagsstarf og fundir**

Félagsstarf deildarinnar er með hefðbundnum hætti, ýmist er fundað í stjórn deildarinnar þegar um er að ræða málefni henni tengd og svo fundar stjórn fundarins reglulega, u.þ.b. mánaðarlega. Sama má segja um almenna fundi, bæði er fundar í deildinni eða sameiginlega í öllum deildum.



### **Starfsemi sjúkrasjóðs**

Félagið hefur á að skipa öflugum sjúkrasjóði sem auk sjúkradagpeninga og dánarbætur greiðir ýmsa styrki. Fyrirferðamestir eru ferðir félagsmanna til lækninga úr fyrir svæðið auk gleraugnastyrkja.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Orlofssjóður félagsins stendur þokkalega, nýlega voru allar íbúðir í Reykjavík seldar og keyptar nýjar í þeirra stað og eru þær allar undir sama þaki.

Félagið á 11 íbúðir í Reykjavík og 3 á Akureyri sem leigðar eru til félagsmanna.

Félagsmenn geta bókað í þær á heimasíðu félagsins

Einnig á félagið 19 orlofshús á Einarstöðum 2 á Illugastöðum og 2 í Klifabotni.

Úthlutað er í húsin yfir sumarið og páska en á öðrum tíma eru húsin leigð út, hvort heldur sem er viku í senn eða skemmri tíma. Innan skamms verður hægt að bóka í þau á heimasíðunni líka.

### **Atvinnumál á félagssvæðinu**

Alt frá hruni hefur fjöldi þeirra sem er á atvinnuleysisrá ekki verið færri en núna í lok sumars. Nú eru 76 einstaklingar á skrá hjá STARF ehf á Austurlandi 25 karlar og 51 kona. Um það bil 75% atvinnuleitenda á Austurlandi eru í þjónustu hjá STARF ehf. Af þeim 76 sem eru á skrá eru 57 alveg atvinnulausir. Hinir eru með hlutastarf, alls 19 manns og eru konur þar í meirihluta eða samtals 15.

Útlendingum á skrá hefur aðeins fækkað og eru 8 einstaklingar á skrá í dag.

Í vetur voru, þegar mest var, um 170 manns á skrá hjá STARF ehf. á Austurlandi. Í maí og sérstaklega í júní fór þeim hins vegar að fækka og hélst sú fækkun alveg fram í september sl. Flestir fengu sumarstarf í ferðaþjónustu. Sumir í afleysingum t.d. hjá heilbrigðisstofnunum og enn aðrir fóru í vinnu við ýmsar framkvæmdir s.s. vegagerð o.fl.

Ljóst er að þessum árstímabundnu störfum er að ljúka og búast má við að nú fjölgi á skrá hjá okkur.

ATH . Þessi samantekt gildir fyrir félagsmenn ASÍ félaga á Austurlandi.

### **Fræðslumál**

Félagið hefur verið í samstarfi við Austurbrú um ýmis námskeið. Haldin eru trúnaðarmannanámskeið tvisvar á ári.

### **Útgáfu og kynningarmál**

Félagið heldur úti öflugri heimasíðu, gefur út vinnutímabók árlega, auglýsir reglulega í miðlum sem gefin eru út á svæðinu. Gefin eru út 1 – 2 fréttabréf á ári, auk árlegs orlofsbæklings og af og til aðra upplýsingabæklinga.

## **VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURLANDS**

Verslunarmannafélag Suðurlands er 13 ára gamalt félag sem stofnað var þegar tvö verslunarmannafélög á Suðurlandi, Verslunarmannafélag Rangárvallasýslu og Verslunarmannafélag Árnassýslu sameinuðust hinn 15. maí 2000. Þessi félög höfðu átt með sér samstarf á sviði félags og framfaramála árin á undan og verið á verði í réttindabaráttu félagsmanna sinna. En þar sem stærð félaganna var orðin of lítil til að viðunandi árangur næðist í þjónustu við félagsmenn var sameiningin ákveðin. Félagssvæði Verslunarmannafélags Suðurlands nær austan frá Lómagnúpi vestur í Selvog eða yfir Vestur Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnassýslu.

### **Þróun félagsmannafjölda:**

Þróun fjölda félagsmanna hefur verið sveiflukennd eftir hrunið en þá fækkaði félagsmönnum verulega, en þróunin hefur verið uppávið aftur nú síðustu tvö árin, þó enn séum við ekki komin í þá tölu sem var þegar flest var. Einnig kom til skert starfshlutfall þannig að félagsmannafjöldi segir ekki alla söguna. Stóraukin umsvif í ferðaþjónustu hefur ekki skilað sér í mikilli aukningu

félagsmanna eins og vænta hefði mátt þar sem fólk í móttöku og bókhaldi eiga að vera félagsmenn okkar.

### **Rekstur félagsins og húsnæði:**

Rekstur félagsins hefur verið í járnnum undanfarin ár en eftir hrunið bættum við í styrki og þjónustu við félagsmenn okkar. VMS er rekstraraðili þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi, ásamt Bárinni stéttarfélagi og Félag iðn- og tæknigreina. Sú skrifstofa er með 7 starfsmenn sem sinna bókhaldi, vinnustaðæftirliti og almennri þjónustu við félagsmenn ásamt ráðgjöfum hjá VIRK starfsendurhæfingu. Verslunarmannafélag Suðurlands kaupir þá þjónustu sem þarf af skrifstofunni s.s bókhald, kröfuútreikninga ofl. Starfsmaður VMS er því einn þ.e. formaðurinn sem sér um dagleg samskipti við félagsmenn, samskipti við atvinnurekendur og önnur þau störf sem til falla. Margrét Ingbórsdóttir lét af störfum sem formaður VMS októberbyrjun 2012 vegna veikinda og tók þá varaformaðurinn Gils Einarsson við og var hann svo kjörinn formaður vorið 2013. Verslunarmannafélag Suðurlands óskar Margréti velfarnaðar um leið og þakkar henni störf hennar fyrir félagið í um áratug.

Verslunarmannafélag Suðurlands á 20% í húseigninni Austurvegi 56 þriðju hæð á Selfossi, þar sem skrifstofa félagsins er. Aðrir eigendur eru Félag iðn- og tæknigreina og Bárán stéttarfélag. Skrifstofur eru einnig leigðar til annara en eigenda því hér er m.a. Vörður, félag stjórnenda á Suðurlandi með starfsmann í hlutastarfi, Lífeyrissjóðurinn Festa með tvo starfsmenn, einnig er skrifstofa leigð til lögfræðistofu. Samstarf milli verkalyðsfélaganna á hæðinni hefur verið gott og má geta þess að VMS og Bárán stéttarfélag gefa í sameiningu út myndarlegt blað sem heitir Eljan og kemur út tvisvar á ári, í apríl og desember.

### **Félagsstarf og fundir**

Stjórnarfundir eru haldnir síðasta þriðjudagskvöld í mánuði nema í júní og júlí. Stjórn hefur verið kölluð til fundar aukalega þegar þurfa þykir. Einn almennur félagsfundur var haldinn á árinu 2012. Það voru haldnir 13 stjórnarfundir og einn fundur með stjórn og trúnaðarráði. Mest áhersla hefur upp á síðkastið verið lögð á heimsóknir í fyrirtæki á svæðinu og voru 103 fyrirtæki heimsótt á árinu 2012 og haldnir fundir með starfsmönnum og stjórnendum. Svæði VMS er stórt og hafa þessar vinnustaðaheimsóknir verið tímafreakar en greinilega var þörf á þessu og hefur verið haldið áfram á þessum nótum í ár. Verslunarmannafélag Suðurlands hefur tekið þátt í samstarfi stéttarféлага á Suðurlandi m.a. í gegnum þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi. Haldin var 1. maí hátíð í samvinnu við nokkur stéttarfélög á Suðurlandi eins og undanfarin ár og kom fjöldi fólks eða um 800 manns í kröfugönguna og á hátíðina.

### **Sjúkrasjóður**

Sjúkrasjóðurinn stendur vel og eftir tryggingafræðilega úttekt sem gerð var 2012 hefur sjóðurinn getað stutt við bakið félagsmönnum sínum með styrkjum vegna lyfjakaupa, heilsuræktar ofl. Mikil aukning varð á útgreiðslum dagpeninga hjá sjúkrasjóðnum árið 2010, um 40% aukning en hefur aftur færst í það horf sem áður var og virðist stefna í það sama það sem af er þessu ári. Engin teikn eru á lofti um stórar breytingar á þessu sviði í næstu framtíð en allar upplýsingar um sjóðinn má sjá á heimasíðu félagsins [www.vms.is](http://www.vms.is)

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Orlofssjóðurinn á og rekur tvö sumarhús. Annað húsið Rangársel er í Reykjaskógi í Biskupstungum. Sá bústaður er um 55 m<sup>2</sup> að stærð með svefnpláss fyrir 8 manns. Hinn bústaðurinn er Flúðasel sem stendur í vestanverðun Högnastaðaás á Flúðum í Hrunamannahreppi. Þessi bústaður er 76 m<sup>2</sup> að stærð og tekur 8-10manns. Báðir bústaðirnir eru með heitum pottum og öðru því sem nútímakröfur gera ráð fyrir. Bústaðirnir eru í vikuleigu júní, júlí og ágúst en í helgarleigu eftir það. Nýting á bústöðunum hefur verið einstaklega góð allt sumarið og nær allar helgar hafa verið nýttar. Rekstur húsanna hefur verið þungur vegna mikils fjármagnskostnaðar sem varð til við það að bústaðirnir voru endurnýjaðir fyrir nokkrum árum.

### **Atvinnumál svæðisins**

Eftir niðursveiflu í kjölfar hrunsins sem fólst aðallega í því að fólki var fækkað í verslunargeiranum, hefur atvinnuástandið hægt og sígandi lagast, þó fjölgun starfsmanna í versluninni sé hægari en vonir stóðu til. Sveiflur í atvinnumálum almennt á Suðurlandi eru

kannski minni en á öðrum svæðum á landinu. Svæðið byggir aðallega á verslun, þjónustu og matvælaíðnaði (þ.e. garðyrkju, kjöt- og mjólkurúrvinnslu) Utgerð og fiskvinnsla hefur farið minnkandi á svæðinu og þá þjónustugreinum samfara því. Verslunum er heldur að fjölga en þó virðist markaðurinn nokkurn veginn vera í jafnvægi þannig að þegar verslunarmönnum fjölgar á einum stað fækkar annarsstaðar. Árstíðabundnar sveiflur eru þó að verð meira áberandi á svæðinu og kemur þar mest til aukning í þjónustu við íbúa sumarhúsa, ferðaþjónustu, stórauðnaðar gróðurhúsa og útiræktun. Ýmsum sérverslunum hefur fjölgað á svæðinu undanfarið og virðist framtíðin vera björt í atvinnumálum á Suðurlandi.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Kappkostað hefur verið á síðustu árum að hafa samband við atvinnurekendur og á þeim nótum að hagur félagsmanna VMS sé sem best borgið. Fundir hafa verið haldnir í samstarfi við Báruna m.a. með garðyrkjumönnum og þeim sem sjá um bókhald og launamál hjá viðkomandi greinum. Einnig eru samskonar fundir áætlaðir með fulltrúum ferðaþjónustunnar. Í vinnustaðaheimsóknum, sem voru æði margar á síðasta ári, hefur verið fundað með stjórnendum og reynt að fara yfir fortíðina og ekki síður framtíðina hjá fyrirtækjunum og hefur þetta mælst mjög vel fyrir.

## **VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURNESJA**

### **Þróun félagsmannafjölda**

Félagsmannafjöldi hefur VS hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár en u.þ.b 1.200 manns hafa verið að greiða til félagsins að meðaltali.

### **Rekstur félagsins og húsnæði**

VS rekur starfsemi sína í eigin húsnæði að Vatnsnesvegi 14, í Reykjanesbæ. Þar er að finna 3 herbergi fyrir skrifstofur, ásamt fundarsal sem rúmar allt að 50 manns í sæti.

### **Félagsstarf og fundir**

Stjórn VS kemur saman einu sinni í mánuði nema yfir sumarmánuði (10 fundir á ári) Þá kemur trúnaðarráð saman að lágmarki 2 á ári. Félagsfundir eru haldnir eftir þörfum og oftast í kringum kjarasamninga. Aðalfundur VS er haldinn í apríl ár hvert. VS á fulltrúa í ýmsum nefndum s.s MSS (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Sammvinnu (starfsendurhæfingarmiðstöð).

### **Sjúkrasjóður**

Sjúkrasjóður VS veitir ýmis konar styrki fyrir utan hina lögbundnu styrki eins og greiðslu sjúkradagpeninga og dánarbóta. Sjúkrasjóður VS hefur styrkt félagsmenn vegna kaupa á heyrnartækjum, vegna laseraðgerða og glasa- og tæknifrjóvgana. Þá renna 40% af inngreiðslu í sjúkrasjóð beint til félagsmanna og hann getur ráðstafað þeim fjármunum að eigin ósk í ýmis heilsutengd útgjöld (líkamsrækt, læknskostnað og fl.) Nú í vor var látin fara fram úttekt á getu sjúkrasjóðs til að standa undir skuldbindingum sínum. Niðurstaða þeirrar úttektar var að sjúkrasjóður VS stendur vel og mun ekki eiga í vandræðum með að standa undir þeim skuldbindingum sem á hann eru lagðar.

### **Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Orlofssjóður VS á og rekur orlofshús í Ölfusborgum, í Hraunborgum (2 hús), á Flúðum, í Svignaskarði og á 3 herb. íbúð á Akureyri.

Húsið í Svignaskarði er nánast nýtt 80 m<sup>2</sup> hús sem tekið var í notkun fyrir tveimur árum síðan. Orlofssjóður hefur átt erfitt með að fjármagna öll þau útgjöld sem hann ábyrgur fyrir og því hefur félagssjóður á köflum hlaupið undir bagga m.a ákvað stjórn VS að hagnaður félagssjóðs vegna ársins 2012, skyldi renna í orlofssjóð, u.þ.b 5 milljónir króna. VS sér alfarið sjálft um rekstur sinna orlofshúsa.

### **Atvinnumál svæðisins**

Atvinnuleysi á Suðurnesjum er nú um 5% en það fór hæst í rúm 13% árið 2010. Það sem helst hefur haft áhrif til batnaðar er aukinn ferðamannastraumur til Íslands og aukið umfang í FLE (Flugstöð Leifs Eiríkssonar) samfara því. Veruleg tekjulækkun hefur hins vegar átt sér stað meðal félaagsmanna VS undanfarin ár. Ástæðuna fyrir því má rekja til brotthvarfs Varnarliðsins árið 2006 sem greiddi laun sem voru talsvert yfir kjarasamningsbundnum launatöxtum. Það gera fyrirtæki í ferðamannaiðnaði sjaldnast. Horft er til þess að bygging álvers í Helguvík geti orðið sú innspýting í atvinnulífið sem Suðunesjamenn þurfa á að halda. Gera má ráð fyrir að störf fyrir 1.000 gætu skapast vegna þess og þar með yrði atvinnuleysi á Suðurnesjum nánast útrýmt.

### **Samskipti við atvinnurekendur**

Samskipti við vinnuveitendur hafa verið með hefðbundnu sniði frá síðasta þingi. Helst hafa þau verið vegna mismunandi túlkunar á ákvæðum kjarasaminga. Sem betur fer er sú alda gjaldþrota fyrirtækja sem gekk yfir í kjölfar hrunsins nú liðinn hjá. Eftir standa nokkuð heilbrigð fyrirtæki sem í flestum tilfellum eru umhugað að standa við gerða samninga.

### **Fræðslumál**

Eftir tilkomu starfsmenntasjóðanna og símenntunarmiðstöðva hafa fræðslumál fengið meira vægi í starfi VS sem og annara félaga. VS hefur með stjórnarsetu bæði í MSS og Keili símenntunarmiðstöð lagt sitt til að hafa áhrif á rekstur þessara stofnana.

### **Annað**

VS hefur gert sitt til eflingar menningar-, íþrótt- og tómstundarstarfs á Suðurnesjum. Það hefur verið gert með styrkveitingum til hópa sem sjá um starfssemi af þessu tagi.